



Eigum að umbreyta Íslandsbanka í arðbærar fjárfestingar í innviðum

– segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

→ 6

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins segir að selja eigi Íslandsbanka og nota söluandvirðið til fjárfestinga í innviðum, í samgöngum, fjarskiptum og heilbrigðisþjónustu.

Þetta kemur fram í viðtali við forystumenn Sjálfstæðisflokksins hér í blaðinu sem

ber yfirskriftina: *Þetta snýst um frelsið til að geta valið.*

„Við eigum einfaldlega að umbreyta eign ríkisins í Íslandsbanka í arðbærar fjárfestingar í innviðum,“ segir Bjarni. „Það er af nógu að taka, allt frá hefðbundnum samgöngufjárfestingum í vegum, brúm og höfnum yfir í fjarskipti,

s.s. nýjan gagnastreng og aðra grunninnviði m.a. í heilbrigðisþjónustu. Það getur tekið tíma að losa um eignarhaldið, en mikilvægast er að setja stefnuna á að selja,“ segir Bjarni.

„Eigið fé Íslandsbanka er rúmlega 170 milljarðar króna. Jafnvel þótt bankinn myndi seljast á lægra verði en eigið fé hans

segir til um, myndi sala á 25–50% eignarhlut á næstu árum opna stór tækifæri til fjárfestinga. Ég efast um að nokkur önnur þjóð í Evrópu sé í annarri eins stöðu til að taka til í efnahagsreikningi sínum og leggja grunn að aukinni verðmætasköpun til framtíðar,“ segir Bjarni og og bendir á að núna sé góður tími til að huga að átaki í þessum efnium.

KJÖR ALDRADRA HAFNA STÓRBATNAÐ

Ísland trónir á toppi alþjóðlegs lista um hvar sé best að fara á eftirlaun. Alþjóðaeftirlaunavísitalan er gefin út á hverju ári af franska eignastýringarfyrtækini Natix Global Asset Management og hefur Ísland verið meðal þriggja efstu ríkja listans samfelld frá 2016.

→ 2

STERK STAÐA UNGS FÓLKS

Markvissar aðgerðir undir forystu Sjálfstæðisflokksins hafa bætt stöðu ungs fólks verulega. Ráðstöfunartekjur hjóna eða sambúðarfólks á aldrinum 25–34 ára sem eiga fasteign hafa hækkað um 16–21% síðustu fimm árin undir stjórn Sjálfstæðisflokksins auk þess sem ráðstöfunartekjur sambúðarfólks sem er á leigumarkaði hafa hækkað á bilinu 22–27%.

→ 4

HRINGFERÐ UM LANDIÐ AÐ HEFJAST

Þriðja hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins um landið hefst 6. febrúar. Fyrsti fundurinn í þessari lotu veður kl. 18 á Kaffi Reykjavík þar sem Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins ávarpar gesti ásamt oddvitum þingflokksins í Reykjavík. Í hringferðinni verður lögð áhersla á að hitta sem flesta landsmenn á heimavelli og verður fjöldi fyrirtækja heimsóttur þar sem rætt verður við starfsfólk um hvaðeina sem því liggur á hjarta í atvinnumálum og stjórnámálum.

→ 15



Kjör aldraðra hafa stórbatnað í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins

– Ísland fór úr 23. sæti árið 2013 upp í 1. sæti árið 2019 um hvar sé best í heiminum að fara á eftirlaun

Ísland trónir á toppi alþjóðlegs lista um hvar sé best að fara á eftirlaun. Listinn byggir á svokallaðri alþjóðaeftirlaunavísitölu en hún byggir á 18 undirvísitölum í fjórum meginflokkum; heilbrigðis, lífsgæða, efnislegra gæða og fjármála við eftirlaun. Ísland hækkar um eitt sæti frá árinu á undan og tekur efsta sætið af Sviss, sem er

nú í öðru sæti listans. Noregur er í því þriðja.

Alþjóðaeftirlaunavísitalan er gefin út á hverju ári af franska eignastýringarfyrtækinu Natix Global Asset Management og hefur Ísland verið meðal þriggja efstu ríkja listans samfellt frá 2016, en árið 2013, þegar Sjálfstæðisflokkurinn kom inn í ríkisstjórn

og hefur verið þar samfellt síðan, var Ísland í 23. sæti listans. Framlög til málaflokka aldraðra eru 42,7 milljörðum krónum hærra á ári á verðlagi síðasta árs en þau voru árið 2013. Sem dæmi um undirvísitölur sem alþjóðaeftirlaunavísitalan byggir á má nefna verðbólgu, raunvexti, skattbyrði, atvinnuleysi, tekjujöfnuð, hamingju, lífslíkur,

ríkisútgjöld til heilbrigðismála og fleira.


Umtalsverð aukning ráðstöfunartekna

Hér til hliðar má sjá dæmi um þróun ráðstöfunartekna ólíkra hópa aldraðra frá 2013. Gögnin eru unnin upp úr skattframtölum einstaklinga og hjóna og

ÍSLAND & EFTIRLAUNAVÍSITALA NATIXIS

Heimild: Natix Global Retirement Index 2019

SÆTISRÖÐ		HEILDAREINKUNN		UNDIRVÍSITÖLUR		2019	2018	2017	Breyting (2019)	Breyting (2018)
1.	2018 2. 2017 3.	83%	2018 84% 2017 82%	Heilsvísitala	85%	85%	84%	>	↑	
				Lífsgæðavísitala	86%	88%	88%	↓	>	
				Vísitala efnislegra gæða	91%	93%	88%	↓	↑	
				Vísitala fjárhagsstöðu við eftirlaun	72%	71%	70%	↑	↑	
				Aldurstengt ósjálfstæði	51%	53%	55%	↓	↓	
				Vanskil	61%	59%	62%	↑	↓	
				Verðbólga	93%	74%	65%	↑	↑	
				Vextir	81%	80%	79%	↑	↑	
				Skattbyrði	19%	23%	21%	↓	↑	
				Opinberar skuldir	53%	47%	41%	↑	↑	
				Stjórnsýsla	90%	90%	90%	>	>	





koma fram á vef Tekjusögunnar frá Hagstofu Íslands. Allar tölur eru á föstu verðlagi ársins 2018 og er því tekið tillit til verðlagsbreytinga. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna hefur verið meiri hjá tekjulægri hópum en tekjuhærri. Öll dæmin eru án fjármagnstekna.

Sem dæmi höfðu hjón/í sambúð, fasteignaeigendur í lægstu tekjutiund, þ.e. í hópi þeirra 10% sem lægstar hafa tekjurnar, 251.735 kr. ráðstöfunartekjur árið 2013 án fjármagnstekna. Atvinnutekjur námu þá 28.156 kr., lífeyrissjóðstekjur 109.098 kr. og bætur frá ríki og sveitarfélögum 129.224 kr. Greiddu þau 14.734 kr. í fasteignaskatt. Árið 2018 voru ráðstöfunartekjur þeirra 350.477, eða 39% hærri en árið 2013. Þessi mikla kaupmáttaraukning eldri borgara einkorðast ekki við hjón eða tekjulága. Sem dæmi hækkuðu ráðstöfunartekjur einstæðra karla heilt yfir um 37% á föstu verðlagi á milli árána 2013 og 2018. Ráðstöfunartekjur einstæðra karla í lægstu tekjutiund jukust um 57%, í 5. tekjutiund um 36% og í efstu tekjutiund um 33%.

Ráðstöfunartekjur einstæðra kvenna jukust heilt yfir um 38% á tímabilinu 2013 til 2018. Tekjulægsta tíundin hækkaði um 55%,

5. tíund um 36% og tekjuhæsta tíundin um 34%. Hægt er að skoða samanburðinn á vefslóðinni www.tekjusagan.is

Aukinn sveigjanleiki og hærri lífeyrisaldur

Helstu áskoranir í málaflokki aldraðra er breytt aldurssamsetning þjóðarinnar vegna fjölgunar aldraðra sem má rekja til hærri lífaldurs og lægri fæðingartíðni á Íslandi. Samræma þarf bætur almannatrygginga og greiðslur lífeyrissjóða, svo tryggð sé lágmarksframfærsla þeirra sem eiga lítil eða engin réttindi í lífeyrissjóðum vegna lítillar þátttöku á vinnumarkaði. Markmiðið er þó að sem flestir aldraðir framfleyti sér sjálfir með tekjum sínum, einkum úr lífeyrissjóðum eða af atvinnu.

Lífeyristryggingakerfi almannatrygginga er flókið og getur verið erfitt fyrir hinn almenna borgara að átta sig á réttindum sínum. Skref var stigið til einföldunar á ellilífeyriskerfi almannatrygginga 2016 þegar byrjað var að líta heildstætt á tekjur ellilífeyrisþega, burtséð frá því um hvers konar tekjur væri að ræða.

Nefnd sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í nóvember 2013 lagði til að lífeyrisaldur yrði



hækkaður í áföngum úr 67 árum í 70 ár á 24 árum, um tvo mánuði á ári fyrstu 12 árin og einn mánuði á ári næstu 12 ár þar á eftir. Nefndin lagði einnig til að heimilud yrðu sveigjanleg lífeyristaka, þannig unnt yrði að flýta lífeyristöku frá 65 ára aldri og fresta lífeyristöku lengur en nú er. Tillagan hefur þó ekki náð fram að ganga þar sem ekki hefur tekist full samstaða um jöfnun lífeyrisréttinda. Sveigjanleiki við starfslok hefur aftur á móti verið aukinn og er einstaklingum heimilt að hefja töku hálf ellilífeyris frá 65 ára aldri að skilyrðum uppfylltum.



EININGAHÚS



Skólar, brýr, sorptunnuskýli, bekkir, einbýlis- eða fjölbýlishús.

Okkur er ekkert óviðkomandi þegar kemur að forsteyptum einingum.

Þekking, reynsla og öflug framleiðslugeta skila hágæðaeiningum af öllum stærðum og gerðum sem framleiddar eru eftir ýtrustu gæðastöðlum.



Flataskóli í Gardabæ

Gott að vera ungur á Íslandi

Það þarf rými til að geta gripið tækifærin og látið drauma sína verða að veruleika. Svigrúm sem verður ekki til nema tekin sé ákvörðun um að verja það fyrir ágangi ríkisvaldsins. Verja það gegn hugmyndinni um að ríkið geti gert alla hluti betur en einstaklingurinn, að ríkið viti betur, sé betur til þess fallið að sjá um rekstur, skapa atvinnu eða tryggja hamingjuna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur um níutíu ára skeið, eða frá stofnun, verið það afl í stjórn-málum sem ver fólkið í landinu fyrir þessum ágangi og gætir að því að einstaklingurinn og hans fjölbreytti kraftur fái að njóta sín.

Lífið samanstendur af mismunandi æviskeiðum; fólk hefur það sem barn í faðmi foreldra sinna, þróast yfir í ungling, nemanda, einstakling, launþega, fyrirtækjaeiganda, fasteigna-eiganda, fjölskyldufólk eða eldri borgara. Á hverju stigi þarf að taka ákvarðanir sem marka lífs-hlaupið og til þess þarf svigrúm og umhverfi sem býður upp á þá niðurstöðu sem hentar hverjum og einum. Ekki umhverfi sem setur alla í sama boxið.

Frjálst atvinnulíf, einstaklings-frelsi og frelsi til athafna er sá taktur sem tryggir þetta rými og sá taktur sem Sjálfstæðis-flokkurinn hefur slegið hátt og snjallt í níutíu ár. Eftir því sem áratugirnir líða breytast álita-efnin nefnilega lítið þrátt fyrir öra tækniþróun og aukna afþreyingu. Enn er spurt: Skal stefnt að frjálsum atvinnulífi eða ríkisreknu? Á ríkis-nefndin sem allt telur sig vita að taka ákvörðun eða einstaklingarnir sem meta stöðuna hver fyrir sig?

Lífið er framundan

Ungt fólk á hverjum tíma er að leggja upp í langferðina sem er lífið. Þá þarf að meta hvar tækifærin liggja, hvar má best finna öruggan samastað, hvar mennt-unin er árangursríkust og ótal margt fleira. Allur heimurinn er undir þegar kemur að þessum atriðum og vali ungs fólks.

Það er því brýnt að búið sé að búa svo um hnútana í íslensku samfélagi að hér vilji ungt fólk vera og byggja upp lífið. Sjálfstæðisflokkurinn tekur þetta alvarlega og hefur í gegnum tíðina tekið ákvarðanir við stjórn landsins sem gera Ísland að góðum kosti fyrir ungt fólk. Hér má nefna nokkrar þeirra:

Auðveldara að eignast heimili

Eitt mikilvægasta skref sem stigið hefur verið í þeim tilgangi að hjálpa ungu fólki að eignast húsnæði, sem og að létta undir með fólki almennt, er að veita því kost á að nýta séreignarsparnað sinn skattfrjálst til þess að lækka höfuðstól húsnæðislána og fyrir fyrstu kaupendur til að nýta í útborgun. Ungt fólk getur nú fjárfest í sinni eigin framtíð.

Þessi lausn sem Sjálfstæðis-flokkurinn hrinti í framkvæmd snýr að frelsi fólks til að ráðstafa sínum eigin sparnaði og eignast sitt eigið húsnæði. Árangurinn talar sínu máli. Frá árinu 2014 hafa heimilin í landinu nýtt um 56 milljarða króna skattfrjálst til að greiða hraðar niður húsnæðislán sín. Ef horft er aftur til ársins 2014 er um að ræða mun fleiri einstaklinga samtals, en á þeim tíma sem liðinn er hafa margir gert upp lán sín og um leið létt almenna greiðslubyrði heimilisins.

Stór hluti af því unga fólki sem er að koma sér upp húsnæði er í þeirri stöðu að eiga lítið eigið fé og hefur jafnvel nýlokið námi, en er þó komið út á vinnumarkaðinn og á þess kost að hafa reglulegar tekjur. Það að leyfa fólki að nýta séreignarsparnaðinn sinn skattfrjálst með þessum hætti er mikið framfaraskref.

Fyrir flesta er fjárfesting í eigin húsnæði stærsta fjárfestingin í lífinu. Það er mikill hagur í því að sem flestir eigi þess kost að eignast sitt eigið húsnæði og öðlast þannig fjárhagslegt sjálfstæði og öryggi með skattfrjálsum leiðum eins og þessari.

Þá hafði Sjálfstæðisflokkurinn einnig forgöngu um að lækka stimpilgjald af fyrstu íbúðar-kaupum um helming í þeim tilgangi að auðvelda ungu fólki að koma öruggu þaki yfir höfuðið. Þingmenn flokksins hafa síðan óskað eftir stuðningi Alþingis til að afnema stimpilgjaldið alfarið og af öllum fasteignakaupum. Náist samstaða um það á þinginu eykst bæði skilvirkni og flæði á markaði með íbúðarhúsnæði ásamt því að enn auðveldara verður fyrir ungt fólk að kaupa íbúð.

Það eru margir hvatar fyrir ungt fólk að vilja búa í eigin húsnæði í stað þess að leigja. Til að mynda er

húsnæðiskostnaður leigjenda 26% af ráðstöfunartekjum (2018) en aðeins 16,7% af ráðstöfunartekjum hjá fólki í eigin húsnæði.

Meiri tími með börnunum

Frelsi fjölskyldunnar er sjálfstæðismönnum efst í huga. Reglur um fæðingarorlof spila stórt hlutverk í lífi þeirra sem ákveða að stofna til fjölskyldu enda samvera foreldra og ungabarns á fyrstu mánuðum í lífi þess mikilvæg fyrir bæði velferð og þroska. Reglurnar þurfa að endurspeglar sjálfstæði fjölskyldunnar, veita henni svigrúm til að velja hvað hentar barninu best og rímar við aðstæður foreldra hverju sinni.

Í lok síðasta árs var stórum áfanga náð þegar fæðingarorlofið var lengt úr níu mánuðum í tíu, með þeirri skiptingu að móðir og faðir ættu fjóra mánuði hvort og tveir til skiptanna. Á næstu árum lengist orlofið enn frekar og verður í heild 12 mánuðir árið 2021. Þannig verður barni í fyrsta skipti á Íslandi tryggð samvist við foreldra sína í heilt ár eftir fæðingu. Útkljá þarf með hvaða hætti þessir tólf mánuðir skiptist milli foreldra og hversu mikið foreldrar fái að velja í því samhengi.

Árangursríkari menntun

Nemendum á Íslandi býðst nú að klára nám við framhaldsskóla á þremur árum í stað fjögurra og ljúka því framhaldsskólanámi á sama tíma og jafnaldrar þeirra í löndum sem við berum okkur saman við.

Sjálfstæðisflokkurinn leiddi þessar umbætur í skólakerfinu í þágu nemenda enda verður námið hnitmiðaðra, þjónustan betri og tími nemenda nýtt betur. Færri nemendur hverfa nú frá námi en áður en það var orðið verulegt vandamál.

Stór hluti af því unga fólki sem er að koma sér upp húsnæði er í þeirri stöðu að eiga lítið eigið fé og hefur jafnvel nýlokið námi, en er þó komið út á vinnumarkaðinn og á þess kost að hafa reglulegar tekjur. Það að leyfa fólki að nýta séreignarsparnaðinn sinn skattfrjálst með þessum hætti er mikið framfaraskref.

Breytingin skilar þjóðfélaginu jafnframt 14–17 milljörðum í aukna þjóðarframleiðslu á ári.

Nýjar hugmyndir verða að veruleika

Á Íslandi hefur okkur tekist að búa til samfélag þar sem langflestir hafa raunverulegt tækifæri til að þroska hæfileika sína og nýta þá til fulls. Íslenski draumurinn er ekki einn á móti milljón heldur innan seilingar fyrir langflesta.

Hugvittsamur ungur einstaklingur sem vill stofna fyrirtæki utan um nýja hugmynd á mun auðveldara með það í dag en áður. Síaukin áhersla á nýsköpun undir forystu Sjálfstæðisflokksins veitir ungu fólki ný tækifæri á sínum forsendum; til að mynda með því að geta sótt styrki til Tækniþróunarsjóðs, notið ívilnana vegna rannsóknar og þróunarverkefna í atvinnulífinu og á grundvelli frekari aðgerða í takti við nýja nýsköpunarstefnu. Allt í þágu þeirra sem taka áhættu og elta ný tækifæri sem á endanum geta orðið grundvöllur breytinga til hins betra.

Ráðherra nýsköpunarmála hefur kynnt áform um stofnun sjóðsins Kríu sem stuðlar að auknum fjárfestingum í frumkvöðlafyrir-

tækjum. Góðar hugmyndir verða því frekar að veruleika enda aðrir hvattir til að fjárfesta í frumkvöðlastarfi með þessum hætti sem aftur skilar meiri hagvexti til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

Nýsköpun er ekki lúxus heldur nauðsyn til að bera uppi sterkt samfélag og halda í öflugt fólk. Það sem kallast hefðbundið í dag byggist á nýsköpun og hugviti fyrri tíma. Öll framþróun, í öllum atvinnugreinum, grundvallast alltaf og alls staðar á einhvers konar nýsköpun.

Einfaldara líf

Reglubyrði íslenskra fyrirtækja hefur verið með því mesta sem þekktist á meðal ríkja OECD, einkum í þjónustustarfsemi. Hún er til þess fallin að auka kostnað, draga úr skilvirkni, hamlar samkeppni, hækka vöruverð og skerða samkeppnishæfni okkar gagnvart öðrum löndum. Afleiðingin er lakari lífskjör.

Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins í atvinnuvegaráðuneytinu sátu ekki aðgerðarlausir gagnvart þessum veruleika fólksins sem rekur fyrir tæki víðsvegar um landið eða þeirra sem vilja stofna ný fyrirtæki utan um nýjar hugmyndir. Á síðasta ári og felldu þau brott



yfir 1.000 reglugerðir. Ekki verður slegið af á nýju ári. Afnema á 16 lagabálka, einfalda og breyta lögum og afnema fjölda leyfisveitinga sem allt miðar að því að greiða götu fólks sem rekur fyrirtæki. Sem dæmi má nefna að iðnaðarleyfi verður lagt af, krafa um að opinbert leyfi þurfi til sölu notaðra bifreiða verður fellt niður, skráningarskylda verslana og verslunarreksturs verður afnumin og fleira.

Þá verður rafræn þjónusta líka aukin til að einfalda fyrirtækjum samskipti við stjórnvöld og gera þau skilvirkari.

Þetta auðveldar líf minni og meðalstórra fyrirtækja sem hafa ekki burði til að uppfylla strangari kröfur. Markmiðið er að auðga íslenskt atvinnulíf – búa til umhverfi þar sem ungt fólk og aðrir geta nýtt tækifærin hér á landi.

Einfaldara og skiljanlegra regluverk stuðlar að aukinni verðmætusköpun, meiri skilvirkni, meiri samkeppni, lægra verði og þar með betri lífskjörum fyrir alla.

Lægri skattar

Skattar á einstaklinga og fyrirtæki hafa lækkað umtalsvert undir forystu Sjálfstæðisflokksins en á tímabilinu 2014–2018 voru þeir lækkaðir um nærri 25 ma.kr. á ársgrundvelli og ráðstöfunartekjur stórkjóst í kjölfarið. Í aðdraganda kjarasamninga kynnti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra enn umfangsmeiri lækkun tekjuskatts og breytingar á skattkerfinu. Alls munu breytingarnar fela í sér 21 ma. kr. minni álögur þegar þær verða að fullu innleiddar og mun ávinningur fyrir launþega verða allt að 120 þúsund krónur á ári. Tryggingagjald var einnig lækkað um ríflega 4 milljarða króna eða sem nemur 420 nýjum störfum ári. Þá hafa ríkisskuldur hvergi lækkað hraðar en á Íslandi samkvæmt greiningu matsfyrirtækisins Moody's sem hækkaði lánshæfis-einkunn ríkissjóðs á dögnum.

Tollar á innflutt matvæli lækkuðu einnig um 240–590 milljónir króna sem leiðir til lægra vöruverðs.

Vextir hafa lækkað og húsnæðisvextir hafa aldrei verið lægri en það skiptir sköpum fyrir heimilin í landinu. Verðbólgan hefur einnig verið hamin og verðbólguhorfur eru ágætær.

Kaupmáttur hefur aukist um 26,6% frá árinu 2013 á vakt Sjálfstæðisflokksins sem gerir það að verkum að fólk á rúmlega fjórðungi meira í veskinu um hver mánaðarmót í dag en það gerði fyrir sex árum. Í því samhengi má nefna nýlega úttekt á kaupmætti meðallauna sem sýnir að árið 2018 var kaupmáttur meðal OECD-ríkja hvergi meiri en á Íslandi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig unnið ötullega að því að koma nauðsynlegri opinberri þjónustu í rafrænt horf sem reynast mun bylting fyrir almenna borgara. Bætt stafræn þjónusta er mikilvæg fyrir betri samskipti fólks við hið opinbera og einnig tækifæri til að draga úr umhverfisáhrifum enda fækkar þar af leiðandi ferðum fólks stofnana á milli. Það sparar líka tíma, einfaldar lífið og eykur ánægju.

Sterk staða ungs fólks

Markvissar aðgerðir undir forystu Sjálfstæðisflokksins hafa bætt stöðu ungs fólks verulega. Ráðstöfunartekjur hjóna eða sambúðarfólks á aldrinum 25–34 ára sem eiga fasteign hafa hækkað um 16–21% síðustu fimm árin undir stjórn Sjálfstæðisflokksins auk þess sem ráðstöfunartekjur sambúðarfólks sem er á leigumarkaði hafa hækkað á bilinu 22–27%. Þannig hafði sambúðarfólk á leigumarkaði með 1–2 börn á heimilin að jafnaði um 632 þúsund kr. í ráðstöfunartekjur árið 2013 en 771 þúsund árið 2018 síðar sem jafngildir 22% hækkun ráðstöfunartekna á fimm árum. Nýtt skattkerfi mun auka ráðstöfunartekjur ungs fólks enn frekar á þessu og næsta ári.

Gríðarleg lækun tekjuskatts undir forystu Sjálfstæðisflokksins

Allt frá árinu 2013 hefur það verið forgangsmál Sjálfstæðisflokksins að lækka skatta. Síðan þá hefur tekjuskattur á einstaklinga lækkað um 25 milljarða króna og hafa ráðstöfunartekjur almennings stóraukist í kjölfarið. Hefði þessi skattalækkun ekki orðið, væru heimilin nú að greiða tveimur milljörðum meira í tekjuskatt í hverjum mánuði en þau gera.

Í aðdraganda kjarasamninga 2019 kynnti ríkisstjórnin svo enn umfangsmeiri lækkun tekjuskatts og breytingar á skattkerfinu. Alls munu breytingarnar fela í sér 21 milljarða króna lægri álögur þegar þær verða að fullu innleiddar, en það

Vörugjöld og tollar hafa lækkað vöruverð

Afnám almennra vörugjalda hefur lengi verið baráttumál sjálfstæðismanna. Sú barátta skilaði árangri 2015 þegar gjöldin voru felld niður. Árin 2016 og 2017 voru tekin stór skref með því að afnema tolla á flestar vörur aðrar en landbún-

samsvarar um 10% af tekjum ríkisins af tekjuskatti einstaklinga.

Tekjuskattlækkunin nær til 95% framteljenda í öllum tekjutíundum og léttir til muna skattbyrði lágtekju- og millitekjuhópa og eykur ráðstöfunartekjur. Stuðlar hún þannig að efnahagslegum stöðugleika vegna tímasetningarinnar í hagsveiflunni. Ný útfærsla skattkerfis felur í sér nýtt grunnþrep, auk nýs viðmiðs í þróun persónuafsláttar og þrepa, sem fylgir þróun samanlagðra breytinga á vísitölu neysluverðs og þróun framleiðni.

aðarvörur. Í heild hafa álögur ríkisins á vörur, þ.e. almenn vörugjöld og tollar, lækkað um rúmlega 14 milljarða króna miðað við heilt ár. Heimilin hafa fengið að njóta þessa í formi lægra vöruverðs og aukins kaupmáttar.

Tryggingagjald lækkað um 24 milljarða króna

Lækkun tryggingagjalds hefur verið skýrt markmið Sjálfstæðisflokksins, sem m.a. má sjá í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar segir: „Þá er það einnig forgangsmál á kjörtímabilinu að lækka tryggingagjald.“ Og við höfum látið verkin tala. Frá árinu 2013 hefur tryggingagjald verið lækkað úr 7,69% í 6,35%

og hefur því lækkað um ríflega 17% á sjö árum. Alls nemur lækkunin tæplega 24 ma. kr. á ársgrundvelli. Þetta er lækkun sem skiptir máli, lækkun sem bætir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styður almennt við vinnumarkaðinn, ekki síst við smærri fyrirtæki með há launahlutföll.

Halla Sigrún Mathiesen formaður SUS.



Duglegt og metnaðarfullt fólk í Sambandi ungra sjálfstæðismanna

– spjallað við Höllu Sigrúnu Mathiesen formann SUS

Halla Sigrún Mathiesen er formaður Sambands Ungra Sjálfstæðismanna (SUS) en hún tók við starfinu í haust. Hún er 22 ára, uppallinn Hafnfirðingur og með BA gráðu í hagfræði, stjórnmálafræði og sögu frá University College London. Hún bjó í fimm ár á Ítalíu og útskrifaðist þar með alþjóðlegt stúdentspróf frá menntaskóla í Róm vorið 2015. Halla hefur sinnt ýmsum félagsstörfum innan flokksins m.a. sem formaður Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði og situr í fulltrúaráði flokksins þar. Hún starfar nú sem viðskiptastjóri á fyrirtækjastíði Arion banka.

Þú ert auðvitað bara nýbúin að taka við formennskunni en hvað hafði þið verið að framkvæma á þessum örfáu mánuðum sem þú hefur verið við stjórn?

Fyrsti viðburðurinn sem við héldum var afhending árlegra Frelsisverðlauna, en þau hlutu Björgvin Guðmundsson hjá KOM almannatengslum og Björkin, eina sjálfstætt rekna fæðingarstofa á landinu.

Við höfum síðan nýtt tímann í þónokkuð af ályktunum um málefni ríkisstjórnarinnar, meðal annars um niðurfellingu ráðherra Sjálfstæðisflokksins á yfir 1000 reglugerðum og um lausasölu lyfja. Þá vorum við með

nýstárlegt jóladagatal þar sem við andmæltum fjölmiðlafrumvarpi Lilju Alfredsdóttur og bentum á aðrar leiðir en ríkisstyrki til að efla fjölmiðla landsins.

Við erum núna að leggja línurnar fyrir vorið. Tvennt af því sem vert er að minnast á er að við stefnum á vinnustofu í utanríkisráðuneytinu um Norðurslóðir og hyggjumst taka loftslagsmál fyrir í ríkari mæli, en eins og allir vita eru þau ungu fólki mjög ofarlega á baugi í dag.

Af hverju ætti ungt fólk að fara í SUS?

Ef grunnildi Sjálfstæðisflokksins er eitt-hvað sem ungt fólk tengir við eða hefur áhuga á að fræðast meira um, þá er gefandi að umkringja sig fólki sem er þannig þenkjandi. Það er aðalástæðan fyrir því að ég er í þessu, ég hef brennandi áhuga á þessum málum og í þessum samtökum er ungt fólk sem deilir þeim áhuga. Þarna er líka harðduglegt og metnaðarfullt fólk sem er gaman að kynnast og læra af.

Þetta snýst um frelsið til að geta valið

„Það er auðvitað flóknara að leiða mál til lykta og ná fram stefnumálum flokksins í þriggja flokka stjórn, það segir sig sjálf,“ segir Þórdís Kolbrún, „en með því erum við að hafa raunveruleg áhrif og berum ábyrgð á stórum og mikilvægum málaflokkum. Verkefnið er að takast á við málefni dagsins og horfa til framtíðar með þá stefnu Sjálfstæðisflokksins í veganesti sem hefur reynst farsæl fyrir þjóðina í ár og áratugi.“

Reynir á þanpolið að setta ólík sjónarmið

Þórdís tekur sem dæmi loftslagsmálin. „Það er risastórt mál sem yngri kynslóðir hafa miklar skoðanir á og áhyggjur af – og þær vilja fá skýra sýn frá flokknum. Okkar afstaða er afdráttarlaus. Við stöðum að því með samstarfsflokkum okkar í ríkisstjórn að móta ítarlega aðgerðaáætlun þar sem markið er sett á kolefnishlutleysi árið 2040. Við höfum lagt ríka áherslu á að ýta undir fjárfestingar í nýrri tækni og lausnum, sem geta ef vel tekst til orðið öðrum þjóðum fordæmi. Við viljum heldur beita ívilnunum en skattlagningu og styðjum þannig við framþróun í atvinnulífinu. Það kallast á við nýsköpunarstefnu sem vorum að hleypa af stokkunum, en þar setjum við á fót nýjan sjóð til að þroska fjárfestingarumhverfið. Við getum ekki bara treyst á það hefðbundna, stundum þarf að stíga inn til að næra sprotana í nýsköpun.“

„Við erum með traustan og góðan hagvöxt og sá vagn hefur á síðustu árum einkum verið dreginn af ferðaþjónustunni,“ segir Jón. „Ferðamönnum hefur fjölgað mikið, en allir sjá að þar erum við komin að krossgötum. Til framtíðar lituð verðum við að bregðast við því. Hvernig sjáum við fyrir okkur áframhaldandi lífskjarasókn og uppbyggingu í íslensku efna-

hagslífi? Á hvaða grunni sköpum við tækifæri til frekari verðmætasköpunar? Nýsköpun er eitt, eins og Þórdís Kolbrún kom inn á. Hitt er ljóst, að það verður að skapa sátt um skynsamlega nýtingu þeirra auðlinda sem við höfum úr að spila. Við þurfum að tengja þessar framfarir við byggðapróun í landinu – að uppbygging í atvinnulífi og verðmætasköpun efli byggðir landsins.“

Erum í öfundsverðri stöðu

„Í fyrsta skipti í áratugi gerðist það árið 2016 að ekki var hægt að mynda tveggja flokka stjórn og það gerðist aftur árið 2017,“ segir Bjarni. „Það er birtingarmynd breytinga sem orðið hafa á hinu pólitíska landslagi. Við stjórnsmálmenn þurfum að koma til móts við þann þjóðarvilja – vitandi að aldrei í sögunni hefur tekist að halda út heilt kjörtímabil með þriggja flokka stjórn. Auðvitað eru þetta krefjandi aðstæður, en þetta gengur vel. Mér þykir í raun merkilegt hvað kastljósið er mikið á stjórnarflokkunum, en ekki stjórnarandstöðunni. Maður hefði ætlað að í þriggja flokka stjórn yrðu til sóknarfæri í stjórnarandstöðu – en þar er enginn flokkur valkostur til að leiða eitt eða neitt.“

– Hvað stendur upp úr á kjörtímabilinu?

„Það sem fyrir okkur vakti var að reyna að halda í hönd vinnu- markaðarins í gegnum samningalotuna og standa vörð um efnahagslegan stöðugleika,“ segir Bjarni. „Þar hefur náðst mikill árangur. Ef við horfum fram á við stöndum við frammi fyrir stórum spurningum, sem lúta enn og aftur að atvinnusköpun – sköpun nýrra tækifæra. Hvað getum við gert til að örva vöxt fjárfestinga í einkageiranum sem hafa verið að dragast saman? Vinnu- markaðurinn lagði sitt lóð á vogar- skálarnar með nafnlaunahækkunum, vextir hafa lækkað verulega og verðbólga haldist lág, en við þurfum að leggjast á árararnar af meiri þunga.“

– Það eru blíkur á lofti í hagkerfinu?

„Helsta hættan sem við stöndum frammi fyrir er að hagvöxtur verði ekki jafnmikill og við þurfum á að halda,“ svarar Bjarni. „Að því leyttinu til erum við í varnarstöðu – við þurfum að verja þann mikla árangur sem náðst hefur á liðnum árum. Þrátt fyrir allt erum við í þeirri öfundsverðu stöðu að við getum sagt að það sé raunhæft markmið að Ísland haldist áfram í allra fremstu röð þjóða hvað lífskjör varðar.“

Ef við horfum til að mynda til eldri kynslóða, þá finnum við fyrir kröfunni um að fólk hafi meira handa á milli á efri árum, en á sama tíma erum við að mælast með best lífskjör eldri borgara innan OECD – og þeir hafa líka bætt stöðu sína hlutfallslega mest af öllum aldurshópum. Við getum horft til jöfnuðar sem er hvergi meiri, atvinnuöryggis kvenna og jafnréttis almennt, lágmarks- launa og atvinnustígs. Nánast

sama hvar er borið niður, þá erum við í fremstu röð. Kannski endurspeglast það í því að kröfur laun- þegahreyfingarinnar eru að færast æ meira frá lífskjörum yfir í lífs- gæði. Ég held það sé raunhæft markmið að Ísland eigi að vera besti staður í heiminum til að búa á. Enda er það svo í raun og veru, að á hverju málefnasviði fyrir sig, þá berum við okkur jafnan saman við þær þjóðir sem fremstar eru í heiminum. Það sýnir best hversu stórstígar framfarir hafa orðið á Íslandi frá upphafi síðustu aldar þegar við vorum fátækasta þjóð Evrópu.

Það er um leið mikilvægt að gera sér grein fyrir að þú færð aldrei allt. Það er ekki bæði hægt að hafa hæstu laun í heimi, mesta kaupmátt og bestu lífskjör og tryggja um leið afburða samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Það er enginn vafi að samkeppnis- staða okkar hefur versnað með hærri launum. Ég tel rétt að hafa áhyggjur af samkeppnisstöðunni, lægri skattar á fyrirtæki – lægri bankaskattur og lægra trygg- ingagjald eru liðir í aðgerðum okkar til að bregðast við. Fjárfesting atvinnulífsins er áhyggju- efni og við þurfum að bregðast við. Að þessu leyttinu til stöndum við á tímamótum, verkefni hafa breyst.“

Fleira ungt fólk að kaupa fyrstu íbúð

„Sumir segja að Spánn á íslenskum eftirlaunum sé besti staður í heimi,“ segir Jón og hlær, en verður svo aftur alvörugefinn. „Mér finnst líka nauðsynlegt að koma inn á tækifærin sem við höfum skapað ungu fólki. Það gefur okkur meðbyr að sjá í öllum könnunum hversu séreignar- sparnaður skiptir ungt fólk miklu máli. Á síðustu 1–2 árum hefur orðið mun meira um kaup ungs fólks á sinni fyrstu íbúð. Fyrir það skiptir stöðugleikinn mestu máli, kaupmáttaraukningin, sér- eignarsparnaðurinn, lenging fæðingarorlofs. Við horfum til þessa hóps og höfum unnið mark- visst að því að draga úr regluverki á byggingamarkaði, þannig að það borgi sig að byggja og húsnæðis- verð verði viðráðanlegra. Vinna við einföldun regluverks sem Þórdís Kolbrún setti af stað með OECD í atvinnuvega- og nýsköpunarráð- neyttinu er þegar farin að skila sér og markmiðið er að á þessu kjör- tímabili náist mikill árangur í því.“

„Ef eitthvað eitt stendur upp úr eftir hringferðina í fyrra, þá eru það skilaboðin frá fólki um allt land að kerfið sé fyrir fólki, en ekki fyrir fólk,“ segir Þórdís Kolbrún.

„Styðjið okkur í því að grípa tækifærin,“ tekur Bjarni undir. „Sjáið til þess að hið opinbera sé ekki fyrir okkur.“

„Að innviðirnir séu í lagi,“ skýtur Jón inn og ljóst af öllu að þeim er mikið niðri fyrir, því Þórdís Kolbrún grípur orðið aftur: „Við gerum þá kröfu til ykkar að þið dragið úr afskiptum stjórn- valda og leyfið okkur að gera okkar besta.“

Eins og jafnan eru fjörugar pólitískar samræður kringum kaffivélina í Valhöll. Þar má gæða sér á ávöxtum úr skál eða kreista boðskap úr dagblöðum. Einn af öðrum tínast ráðherrar og aðstoðarmenn fram úr fundarherbergi Óðins. Þegar búið er að fylla á bollana sest forystan áfram að skrafi. Það eru Bjarni Benediktsson formaður flokksins, varaformaðurinn Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og nýkjörinn ritari Jón Gunnarsson. Það liggur beint við að spyrja hvernig þeim líður um áramót þegar kjörtímabilið er rúmlega hálfnað. Segja má að línur séu að skýrast í breiðri þriggja flokka stjórn sem krefst óhjákvæmilega málamiðlana.



Forystumenn Sjálfstæðisflokksins; Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfsdóttir varaformaður, Bjarni Benediktsson formaður og Jón Gunnarsson ritari.

Bjarni grípur boltann. „Það má ekki stöðva framtakssemi fólks í fæðingu af opinberu eftirlitskerfi og regluverki. Þetta er það sem stendur upp úr hjá fólki hringinn um landið, sama hvort um ræðir bændur, starfsfólk fiskeldis, iðnaðarmenn eða frumkvöðla sem eru að koma af stað brugghúsi eða vinna lækningarvörur úr afurðum sjávarútvegs. Það er nánast sama hvar mann ber niður, hvort talað er við hugbúnaðargeirann, alls staðar segir fólk það sama: „Við viljum biðja ykkur um að greiða götu okkar, þannig að hugmyndir okkar geti orðið að veruleika. Það er ánægjulegt að geta sagt við þetta fólk að til þess að gera langtímaáætlanir þurfi það einmitt stöðugt efnahagssumhverfi, lága verðbólgu og vexti, frið á vinnu-markaði. En það er líka liður í að leysa úr læðingi þessa krafta að létta skattbyrði af atvinnurekendum og launþegum.“

Jón kinkar kalli og segir: „Við trúum því að verðmætasköpunin sem því fylgir skapi á endanum meiri tekjur fyrir ríkissjóð.“

Sköpunarkrafturinn uppspretta verðmætasköpunar

Nýsköpunarstefnan sem við vorum að marka gengur út á það að skapa meiri verðmæti sem er forsenda lífskjarasóknar og fyrir því að eiga fyrir öflugu velferðarkerfi,“ segir Þórdís Kolbrún. „Við njótum þess að vera yngri þjóð og að lífeyrissjóðskerfið stendur betur en í löndunum í kringum okkur, en þróunin er þó ekki sjálfbær á

öllum sviðum og við verðum að geta rætt og fundið leiðir til að efla nýsköpun í opinberum kerfum, svo sem heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Þar erum við eftirbátar nágranna okkar á Norðurlöndum.“

– Það verður að teljast áskorun í þessari ríkisstjórn.

„Jú, það er ógrandi verkefni í þessari ríkisstjórn,“ segir Jón.

„Það er samt sátt um að leiða nýsköpun í þessu kerfi,“ segir Þórdís Kolbrún. „Mér finnst við vera með leiðirnar, en ég hef ekki trú á því að hið opinbera geri það eitt og sér. Með þessu á ég við að það eru þarna úti í samfélaginu einstaklingar og hugvit til að leysa áskoranir í þessum kerfum okkar, ýmist til að bæta þjónustu við notendur, auka lífslíkur og líðan fólks, lækka kostnað og auka skilvirkni kerfisins – og jafnvel eru þarna lausnir sem gera allt þetta. Þetta hugvit þarf að eiga greiðan og skilvirkan aðgang að opinbera kerfinu – í þágu okkar allra,“ segir Þórdís Kolbrún.

„Við höfum líka mörg dæmi um það hvernig einkaframtakið getur stuðlað að nýsköpun og eflt þjónustu í heilbrigðiskerfinu,“ segir Jón. „Heilsugæslustöðin í Höfða í Reykjavík var sett á laggirnar árið 2017 og þar eru 19 þúsund skráðir í dag – það er þjónusta sem er opin öllum, engin mönnunarvandamál og ánægja meðal þeirra sem þangað leita.“

„Víst getur þetta valdið núningi,“ segir Bjarni. „Það hefur verið allíð á þeirri hræðslu að stefna

Kælipjónusta

incold

Kæli- & frystiklefar
Alhliða lausnir fyrir þig og þitt fyrirtæki:

- Einfaldir í uppsetningu.
- Margar stærðir í boði.
- Einingar smeltar saman.
- Greinagóðar teikningar fylgja með.
- Hægt að fá höggþolnar einingar.
- Boðið er upp á sérsmíðaðar einingar.
- Býður uppá einföld „plug-inn“ frysti- og kælikerfi.
- Úrval af hillum og innréttingum í boði.

Vélakerfi
Fyrir allar stærðir á frysti- og kæliklefum

- Auðveld í uppsetningu.
- Rafræn stjórnun.
- Kerfin galviniseruð með epoxy áferð.
- Greiður aðgangur að íhlutum fyrir viðhald.
- Hitastig frá +5°C til -30°C.

Kæliverkstæði
Kæliverkstæðið sinnir allri almennri þjónustu á frysti- og kælitækjum, til sjávar og sveita, bæði á verkstæði okkar og hjá viðskiptavinum. Kælipjónusta fyrir loftkælikerfi (AC) í ökutækjum.

Fjargæsla / Þjónusta

- Vaktkerfi fyrir verslanir, frystigeymslur og vöruvagna.
- Erum með þjónustuvakt allan sólarhringinn, allt árið.

24 tíma þjónusta

Við sérsníðum lausnir sem hentar þér!

KAPP ehf

Hafðu samband í síma 587 1300



Forysta Sjálfstæðisflokksins á flokksráðsfundi í september 2019.

Sjálfstæðisflokksins byggist á aðskilnaði milli þeirra sem hafa efni á að kaupa slíka þjónustu og hinna sem hafi ekki efni á því. En stefna okkar er og hefur alltaf verið sú að allir Íslendingar hafi aðgang að sama heilbrigðis- og menntakerfi frá vöggum til grafar. Það á ekki að skipta máli hvaða bakgrunn fólk hefur. Við höfum fjölmörg dæmi um að okkur hafi tekist að byggja upp þjónustu með einkaframtaki, svo sem tannlækningar og sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Eins er gagnrýnt að einhverjir geti hagnast á að veita slíka þjónustu, en það má til dæmis leysa með því að fjármagn sé bundið einstaklingum innan kerfisins. Þá njóta menn hagræðisins sem skapast með einkaframtakinu og landsmenn njóta betri þjónustu. Það hefur gefist vel á höfuðborgarsvæðinu og nú er unnið að því að koma slíku kerfi upp annars staðar á landinu. Við höfum ekki fundið annað en ánægju með það og að það bæti aðgengi að heimilislæknum. Að sjálfsögðu á þetta ekki við um hvaða heilbrigðisþjónustu sem er, en við höfum nægilega mörg dæmi um að þetta sé skilvirkt og skili góðri niðurstöðu fyrir heilbrigðiskerfið okkar til að vera opin fyrir því að þróa kerfið áfram.“

– *Hvað um menntakerfið?*

„Það kerfi er einnig fjármagnað af hinu opinbera og þar hefur útgangspunkturinn alltaf verið sá að tryggja jöfn tækifæri á Íslandi. En það er auðvelt að nefna dæmi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur leitt breytingar og efnt til nýsköpunar með því að virkja einkaframtakið eins og til dæmis þegar Hjallastefnan fór af stað í Garðabæ. Þá var einmitt búið þannig um hnútana að allir foreldrar væru í sambærilegri stöðu gagnvart því að geta gert upp á milli valkosta – þetta snerist um frelsið til að geta valið.“

„Eru ekki bestu meðmælin

með Verzlunarskólanum hversu ásóknin er mikil að komast þar að og svo hefur skóli Ísaks Jónasonar verið rómaður alla tíð,“ bætir Jón við.

Einkaframtakið snýst um frumkvæði og atorkusemi þjóðarinnar

„Stundum er eins og fólk átti sig ekki á því hversu samstarf hins opinbera er mikið við einkaframtakið og nær yfir mörg svið,“ segir Bjarni. „Vegagerðin er meira og minna í gegnum útboð. Við höfum ekki oft framkvæmt meira en við gerum í dag, en við þurfum ekki opinberar stofnanir til að grafa jarðgöng – jafnvel þó að það sé opinber framkvæmd. Það er undarlegur málflutningur að sá fræjum tortryggni gagnvart einkaframtaki, því það er bara annað orð yfir framtak fólksins í landinu, frumkvæði og atorkusemi þjóðarinnar – þeirra fjölmörgu sem vilja drífa áfram verðmætasköpun og fá hjólin til að snúast – oft og einatt til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild. Hugmyndafræði sjálfstæðismanna snýst um að virkja þessa krafta og skapa landsmönnum jöfn tækifæri til að ná árangri í lífinu.“

– *Hver er tilgangurinn með fundaherferð hringinn um landið?*

„Fyrst og fremst sá að komast í beint samband við fólk ið okkar úti um allt land – það gekk stórvél í fyrra,“ segir Jón. „Svo er þetta ekkert síður gott verkfæri til að þjappa hópnun okkar saman.“

„Í þingflokknum er nú bara venjulegt fólk sem býr í þessu landi og til þess að næra þær rætur þurfum við einmitt að eiga gott samband við fólk sem við vinnum fyrir,“ segir Þórdís Kolbrún. „Þessir fundir snúast ekki um að messa yfir neinum – þeir eru tækifæri til að hlusta. Þess vegna eru hringborðsumræður og þingmenn og ráðherrar færa sig milli borða. Við gerðum þetta mjög skipulega í fyrra. Eftir hvorn

einasta fund fóru starfsmenn á milli og punktuðu hjá sér athugasemdir sem við erum enn að fylgja eftir. Í þeirri hringferð sem er að hefjast núna munum við koma inn á hvað stóð upp úr í fyrra og hvað við höfum gert til að vinna úr því.“

– *Það má búast við að raforkuöryggi beri á góma eftir aftakaveðrið um daginn?*

„Allt samfélagið var rækilega minnt á mikilvægi þessara grunninnviða og lífæða samfélagsins. Sú vinna sem við höfum lagt áherslu á undanfarin misseri eins og jarðstrengjavæðing í dreifikerfi, jöfnun dreifikostnaðar raforku og einföldun regluverks þegar kemur að leyfisveitingum nýtist vel til að byggja upp þessa innviði sem um ræðir,“ segir Þórdís Kolbrún.

Mikið eftir í samgöngumálum

„Já, það er gríðarlega mikilvægt að efla innviði til að geta stutt við almenna verðmætasköpun og búsetu um allt land,“ segir Jón. „Við erum komin áleiðis í fjarskiptamálum með ljósleiðaravæðingu, sem felur í sér gríðarleg tækifæri fyrir fólk til fjölbreyttari starfa, náms og bættra lífsgeða. En við eigum heilmikið eftir þegar kemur að samgöngumálum og erum að kortleggja hvernig megi ljúka þeirri uppbyggingu. Svo þarf að efla verulega dreifikerfi raforku til að geta stutt við frekari nýsköpun og verðmætasköpun. Það er sanngirnismál að landssvæði búi við sömu skilyrði að þessu leyti.“

Það er mjög mikilvægt að leita allra leiða til að hraða sem mest nauðsynlegri uppbyggingu innviða landsins, eins og í samgöngum og flutningi raforku. Það er augljóst að einstaka landeigendur eða fámennir þrýstihópar eiga ekki að geta komið í veg fyrir nauðsynlega uppbyggingu og framþróun í raforkuflutningskerfinu, svo dæmi sé nefnt. Þar á að taka hagsmuni heildarinnar fram yfir hagsmuni

fárna og við eigum að breyta regluverkinu með það í huga. Einnig er nauðsynlegt að komast að skynsamlegri niðurstöðu þegar kemur að nýjum virkjanakostum til framleiðslu endurnýjanlegrar raforku. Við höfum sett okkur háleit markmið í loftslagsmálum, en á sama tíma er í undirbúningi að gera þriðjung landsins að þjóðgarði, svonefndan hálandisþjóðgarð. Það rímar að mínu mati illa saman að ætla að skerða mikið möguleika til framleiðslu endurnýjanlegrar orku, á sama tíma og kallað er eftir slíkri orku til uppbyggingar atvinnutækifæra víða um land. Þess vegna tel ég að skoða verði orkuöflunarmálin, orkuflutningsmálin og hálandisþjóðgarð í samhengi og ná heildstæðri sátt í þessum málaflokkum. Eitt má ekki útiloka annað.

Í samgöngumálum er mikið óunnið eins og ég nefndi og það er lífsnauðsynlegt að hraða uppbyggingu samgöngumannvirkja eins og kostur er með bætt umferðaröryggi að markmiði. Slysahrinan í umferðinni það sem af er ári er áminning um það. Alþingi samþykkti fyrir ári síðan samgönguáætlun sem fól í sér mikil tímamót um leiðir til að flýta framkvæmdum. Samkomulag við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fellur ágætlega að þeim hugmyndum. Ný tillaga samgönguráðherra um samgönguáætlun er ekki alveg í takti við ákvörðun þingsins og nú er það Alþingis að sameina þessar hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Það að menn hafa ekki alveg gengið í takt hefur tafið málin sem eru svo brýn. Það er mikilvægt að Alþingi ljúki vinnu sinni sem fyrst, forgangsraði verkefnum og að unnið verði eftir þeirri stefnu að flýta framkvæmdum sem mest,“ segir Jón.

Í einstakri stöðu til að hefja uppbyggingarskeið

„Í tíð þessarar ríkisstjórnar höfum við aukið myndarlega við opinbera fjárfestingu. En við þurfum að gera betur því verkefnið er að vinna upp slaka sem myndaðist í fjárfestingum eftir hrúnið. Gleymum því ekki að við höfum á fáum árum einnig fengið stórauðinn ferðamannastraum sem kallar á sterkari innviði.“

Góðu fréttirnar eru þær að við erum í einstakri stöðu til að hefja slíkt uppbyggingarskeið. Við eigum einfaldlega að umbreyta eign ríkisins í Íslandsbanka í arðbærar fjárfestingar í innviðum. Það er af nógu að taka, allt frá hefðbundnum samgöngufjárfestingum í vegum, brúm og höfnum yfir í fjarskipti, s.s. nýjan gagnastreng og aðra grunninnviði m.a. í heilbrigðisþjónustu.

Það getur tekið tíma að losa um eignarhaldið, en mikilvægast er að setja stefnuna á að selja. Hér er mikilvægt að hafa í huga að ekki er nauðsynlegt að selja allt í einu svo það skipti verulegu máli,

Eigið fé Íslandsbanka er rúmlega 170 milljarðar króna. Jafnvel þótt bankinn myndi seljast á lægra verði en eigið fé hans segir til

um, myndi sala á 25–50% eignarhlut á næstu árum opna stór tækifæri til fjárfestinga. Ég efast um að nokkur önnur þjóð í Evrópu sé í annarri eins stöðu til að taka til í efnahagsreikningi sínum og leggja grunn að aukinni verðmætasköpun til framtíðar.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um gjaldtöku til að fjármagna samgöngubætur og það er skiljanlegt, vegna þess að við þurfum að hraða framkvæmdum, en nærtækari leið er að losa um þessa verðmætu eign og afmarka gjaldtöku í framtíðinni við stærri framkvæmdir á borð við Sundabraut, Hvalfjarðargöng og aðra gangagerð.

Núna er góður tími til að huga að átaki í þessum efnun, efnahagslífið er tilbúið fyrir opinberar framkvæmdir. Eftir kraftmikið hagvaxtarskeið undanfarin ár er nú minni vöxtur og verðbólgan komin undir 2%,“ segir Bjarni.

Og Jón bætir við: „Í ljósi tillagna fjármálaráðherra um að hluti söliverðmættis Íslandsbanka fari til fjárfestinga í samgöngumálum, gjörbreytast forsendur samgönguáætlunar sem þingið hefur til meðferðar þessa dagana. Það er mjög jákvætt að staða ríkissjóðs skuli vera orðin svo öflug að hægt sé að falla frá hugmyndum um að söliverðmætti bankanna fari til þess að greiða niður skuldir eins og upphafleg áform voru um.“

Nýjar forsendur fjármálaráðherra draga verulega úr þörfinni á að efna til sérstakrar gjaldtöku til uppbyggingar samgöngumannvirkja. Mikilvægt er að samgöngunefnd Alþingis taki tillit til þessa í vinnu við samgönguáætlun og að fundin verði leið til að framkvæmdir á grundvelli þessa hefjist á þessu ári. Með þeirri leið sem ráðherra boðar getum við vonandi bætt við verkefnum fyrir tugi milljarða á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Áhrifin yrðu mjög mikil og í hönd færur mestu fjárfestingar sögunnar í samgöngumannvirkjum á Íslandi,“ segir Jón Gunnarsson.

– *Skapar ríkisstjórn þvert yfir pólitíska ásinn tækifæri á að rífa mál upp úr skotgröfum og ná þverpólitískri samstöðu, svo sem um breytingar á stjórnarskrá?*

„Breytingar á stjórnarskrá eiga ekki að ráðast af tímabundnu meirihlutavaldi á þingi, ekki að vera undir einni ríkisstjórn komnar, við eigum að hafa metnað til að byggja á sem breiðastri samstöðu meðal þings og þjóðar. En það kostar vilja frá öllum og það má ekki vera þannig að auðvelt sé að stöðva tillögur sem byggja á góðum undirbúningi með þvergirðingshætti,“ segir Bjarni.

„Hins vegar held ég að þetta ríkisstjórnarsamstarf hafi hentað sérstaklega vel við þær aðstæður sem hér sköpuðust og að ríkisstjórnin hafi sýnt það í verki, t.d. í kjarasamningum síðasta árs, að hún getur náð miklum árangri með þessa breidd. Sum mál eru hins vegar þannig að þau eru síður til þess fallin að leitað sé mála miðlana um þau.“

FRÁBÆRARAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚM
BETUR



bygg.is

Nýjar íbúðir í Reykjanesbæ

Hlíðarhverfi

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttastaðstöðu sem er í næsta nágrenni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm og parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm

Skoðið
teikningar
á bygg.is



BÚM
BETUR



bygg.is

Fjölbýlishús,
einbýli og parhús

NÝTT Í SÖLU

Afhending við kaupsamning

Afhending maí - júlí 2019

BÚM
BETUR



bygg.is

Strikið 1 ABC

Sjáland í Garðabæ

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja til 5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar íbúum 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru 2-3 herbergja og 84-174,2 fm. Íbúðirnar verða með vönduðum innréttingum frá Axis og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórrí timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Íbúðir fyrir 60 ára og eldri

Skoðið
teikningar
á bygg.is

Naustavör 28-34

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 28-34. Íbúðirnar eru 76-244 fm, 2-4 herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Skoðið
teikningar
á bygg.is

Afhending maí - sept. 2019

BÚM
BETUR



bygg.is



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, 230 Reykjanesbær S: 420 4000
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali
studlaberg@studlaberg.is

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Öðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg, fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Margar áhrifamiklar konur í flokknum

– segir Vala Pálsdóttir formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna

Vala Pálsdóttir er formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna og situr sem slík í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Vala var kjörin formaður árið 2017. Hún sat í kosningastjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir Alþingiskosningar 2016 og hún var kosningastjóri Ólafar Nordal í prófkjöri 2016.

Hvernig hitti ég á þig, get ég átt nokkur orð við þig um starfið hjá Landssambandinu?

Já, auðvitað.

Hvernig hefur þú það?

„Mér líður vel, nýtt ár lofar góðu í upphafi. Árið sem leið var ágætt en það var fínt að fá fri frá kosningum. Ég hef trú að það verði kraftur í þessu ári.“

Þetta hefur verið kröftugt starf hjá ykkur, manni er efst í huga blaðið sem þið gáfuð út í haust sem fór víða, hvernig kom það til að þið fóruð í þessa útgáfu?

„Blaðið var gefið út í tilefni af 90 ára afmæli flokksins. Afmælisnefndin leitaði til okkar og við fórum af stað að vinna efni. Blaðið vatt upp á sig og varð bæði stærra og efnismeira því af nógu var að taka. Það var gaman að geta sýnt hve margar frambærilegar og áhrifamiklar konur eru í flokknum. Enginn annar flokkur getur státað af því að hafa yfir 60 konur sem kjörna fulltrúa flokksins í sveitarstjórnar- og landsmálunum líkt og við. Flestum þessum foringjum sem og þeim konum sem ruddu brautina voru gerð góð skil í blaðinu. Blaðinu var dreift til meirihluta heimila á landinu og fékk gríðarlegar góðar móttökur. Fyrir þá sem hafa ekki lesið það þá má enn nálgast rafrænu útgáfuna á vef Sjálfstæðisflokksins.“

Hvaða aðra starfsemi hafið verið með?

„Við höfum verið með fundaraðir að hausti, við tókum fyrst fyrir heilbrigðismál og síðastliðið haust voru það umhverfismálin. Báðar fundarraðirnar voru vel sóttar en sú um heilbrigðismálin var þó sérstaklega vel sótt. Við höldum fjóra fundi í þeirri fundarröð þar sem efnið á fyrsta fundi var heildaryfirlit yfir málaflökkin og tryggingarkerfið, á næstu fundum einbeittum við okkur að geðheilbrigðismálum, öldrunarmálum og að lokum lífstílsjúkdómum sem má rekja yfir 70% dauðfalla til. Við fengum sérfræðinga í málaflökkinum á hvern fund og höfðum jafnan einn alþingismann úr flokknum á fundinum til að geta bæði leitað eftir svörum um stefnu og þrýst á aðgerðir. Fundarherferðin um umhverfismálin var með svipuðum hætti þar sem við byrjuðum með almennum hætti um umhverfismál, síðan á næstu fundum einbeittum við okkur að hvernig umhverfismál snúa að neytendum, atvinnulífinu og sveitarfélögum. Við vorum með einn fund þar sem við veltum fyrir okkur ólík áhrif hagrænna hvata og skatta og fengum til dæmis Hannes Hólmstein Gissurarson til að koma með vangaveltur um hvort umhverfisvernd krefjist umhverfisverndara.“

Eru þið utan þessa með mikla starfsemi?

„Já, starfið er fjölbreytt með blöndu af fræðslu og skemmtun. Við létum til okkar taka á Landsfundi, vorum með #metoo fund sem var vel sóttur og vel tekið. Við höfum farið í heimsókn til nokkurra ráðherra og á Alþingi sem og verið með fundi um landið vítt og breitt. Svo líka mikilvægt að hafa gaman af lífinu af og til og erum við m.a. með árlegt golfmót. Í fyrra var reyndar uppselt þannig að við þyrftum kannski að hugsa fyrir því að flokkskráðar konur hafi forgang? Sólveig Pétursdóttir fer fyrir golfnefndinni og þær eru duglegar að safna glæsilegum vinningum sem dregur að og svo þarf gott skipulag.“

Er Sólveig Pétursdóttir góð í golfi?

„Já og þeir sem til hennar þekkjá vita að hún er mikil keppismaður. Sólveig er kona sem getur flutt fjöll og við erum lánssamar að njóta krafta hennar.“



Vala Pálsdóttir formaður LS.

Við höfum náð fram ýmsum baráttumálum okkar

– spjallað við Halldór Blöndal formann Samtaka eldri Sjálfstæðismanna

Halldór Blöndal er formaður Samtaka eldri sjálfstæðismanna (SES), en félagsmenn í samtökunum verða flokksbundnir sjálfstæðismenn um leið og þeir ná 60 ára aldri. Halldór var alþingismaður Norðurlands eystra frá 1979 til 2007, ráðherra frá 1991 til 1999 og forseti Alþingis frá 1999 til 2005. Hann hefur verið í pólitík frá blautu barnsbeini. Sem þingfréttaritari Morgunblaðsins sat hann þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins árið 1961 eða sama ár og Bjarni Benediktsson tók við formennsku Sjálfstæðisflokksins af Ólafi Thors. Hann settist fyrst á þing sem varaþingmaður 2. desember 1971.

Þú hefur komið á fundi þingflokks sjálfstæðismanna frá 1961 og allt fram til 2007. Eru ekki miklar breytingar sem þú hefur upplifað frá því að Ólafur Thors stýrði flokknum?

„Siðirnir hafa breyst. Ólafur Thors er ógleymanlegur, hann var alltaf gamansamur og bjart yfir honum en öðrum þræði var hann alvörugefinn. Bjarni Benediktssoni byrjaði alla reglulega þingflokksfundi með því að fara yfir stöðuna í stjórn máluum. Það var gagnlegt og raunar ómetanlegt fyrir mig sem ungan þingfréttaritari á sínum tíma.

Fyrir mann sem hefur verið í pólitík alla ævi voru það ekki viðbrigði að fara úr pólitíkinni?

„Eftir kosningar 1999 sagði ég Davíð Oddssyni að ég vildi hætta sem ráðherra en verða forseti Alþingis, sem mér þótti skemmtilegur endir á mínum stjórn málfærlí. Mér yngri menn sóttust eftir að komast í ráðherrastól, sem er skiljanlegt. Til þess fara menn í stjórn mála að hafa áhrif.“

En var ekki erfitt að hætta?

„Nei, nei, það var ekki erfitt. Ég var 69 ára gamall og við Krístrún ætluðum að njóta ellinnar saman. Þess vegna var eðlilegt að hætta á þessum tíma. Ég var búinn að vera svo lengi í pólitíkinni fyrir norðan að það var kominn tími til að karlinn hætti.“

Fljótlega eftir það tekur þú við starfi formanns SES, hvernig kom það til?

„Styrmir Gunnarsson kom að máli við mig og spurði hvort ég væri ekki reiðubúinn til að taka við formennskunni af Salóme Þorkelsdóttur og hann myndi fara í stjórnina með mér. Þetta var árið 2009. Við höldum hádegisfundi á miðvikudögum í hverri viku frá september og fram í maí ár hvert. Við byrjuðum smátt og vorum með fyrstu fundina okkar í setustofunni í Valhöll. Fljótt kom í ljós að hún var of lítil og við fluttum okkur í stóra salinn. Það er aldrei fátt á þessum fundum, þeir eru alltaf vel sóttir. Mest hafa verið 130–140 manns. Sumir koma oft en aðrir sjaldnar og við sjáum alltaf ný andlit. Það er endurnýjun í hópnum.

Við höfum einsett okkur að fundirnir séu um það bil klukkustund og þeim lokið uppúr eitt og höfum staðið við það. Það hefur sína kosti. Formið er þannig að ég stýri fundi. Þegar fyrirlesarinn hefur lokið ræðu sinni gefst fundarmönnum kostur á að gera stuttar athugasemdir eða bera fram fyrirspurnir.

Við reynum að vanda val fyrirlesara. Auðvitað köllum við á forsyttumenn úr Sjálfstæðisflokkinum og áhrifamenn í atvinnulífinu. En við leggjum líka mikið upp úr því að kalla til einstaklinga, sem hafa látið sig málefni aldraðra varða.

Við höfum átt mjög gott samstarf við forystu Sjálfstæðisflokksins og ég vil segja að við höfum náð fram ýmsum baráttumálum okkar, – en nauðsynlegt er að vera vakandi því að alltaf er hægt að gera betur! En það hefur smám saman tekist að hækka að raungildi þær greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sem renna til aldraðra. Þær hafa aldrei verið hærri. Við höfum frá öndverðu lagt áherslu á, að reglur Tryggingastofnunarinnar séu með þeim hætti, að þær dragi ekki úr sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna. M.ö.o. það verði að gefa öldruðum færi á að afla sér viðbótartekna að vissu marki án þess að það skerði greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þannig er nú 100 þús. kr. frítekjumark atvinnutekna og mér er ljúft að geta þess, að formaður Sjálfstæðisflokksins Bjarni Benediktsson beitti sér sérstaklega í því máli.

Enn er að mörgu að hyggja eins og lagfæringum í skattamáluum sem við munum beita okkur fyrir að ná fram að ganga. Þá er nauðsynlegt að skerðingar á greiðslum almannatrygginga séu stöðugt í endurskoðun. Þar er margt í framkvæmdinni með þeim hætti, að nauðsynlegt er að bregðast við.“



Halldór Blöndal formaður SES.



Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í ræðustól á SES fundi í janúar.



Það er jafnan fjölmennt á fundum Samtaka eldri sjálfstæðismanna sem haldnir eru í Valhöll.

RAFTÆKJASALAN
EST. 1941
RAFVERKTAKAR

G.RUN

Hvalur hf.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Hugsum áður en við hendum!



www.gamafelagid.is

577 5757

Utanríkisviðskiptin eru undirstaða hagsældar

Viðskiptasamningar



74

Fríverslunarsamningar við samtals 74 ríki og landsvæði, þar af þrjú sem bíða gildistöku. Auk þess er samningur við Mercosur í höfn.



100+

Rúmlega 100 loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem veita heimildir til viðskiptaflugs. 4 nýir samningar, 3 uppfærðir og 5 undirritaðir frá og með árinu 2017, ásamt viljayfirlýsingu við Japan.



11

Ísland hefur gert fjárfestingasamninga við 11 ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.



45

Tvísköttunarsamningar við samtals 45 ríki eru komnir til framkvæmda, þar af tveir nýir við Japan og Austurríki frá og með árinu 2017.

Markviss einföldun regluverks

Rúmlega þúsund reglugerðir felldar brott

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur felld brott yfir þúsund reglugerðir á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Breytingarnar eru liður í einföldun regluverks sem er forgangsverkefni í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þetta er liður í fyrsta áfanga aðgerðaáætlunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til næstu þriggja ára sem lítur að einföldun regluverks.

Einföldun afgreiðsluferla vegna leyfisveitinga og bætt þjónusta við leyfisumsækjendur verður sett í forgang við heildarendurskoðun á opinberum eftirlitsreglum sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Verkefnið er unnið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um að gert verði áttak í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings og lögð áhersla á skilvirka og réttláta stjórn-sýslu.

Í desember sl. voru gerðar breytingar á lögum um matvæli til einföldunar á regluverki og í mars nk. er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til frekari einföldunar á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Markmiðið er betra regluverk í þágu atvinnulífs og almennings, svo og skilvirkari og réttlátari stjórnsýslu.

Lögum um sölu áfengis verði breytt

Íslendingar hafa um nokkurt skeið haft opinn aðgang að kaupum á áfengi í gegnum erlendar netverslanir. Innlendir aðilar hafa ekki getað selt áfengi með sambærilegum hætti. Það er því sjálfsgagt og eðlilegt að gera breytingar á lögum til að tryggja að innlendir aðilar geti selt sína vöru með sambærilegum hætti og erlendir. Unnið er að undirbúningi lagabreytinga í þessa veru í dómsmálaráðuneytinu. Hér er auðvitað fyrst og fremst verið að huga að jafnræði, en um leið verið að stíga skref til að auka frelsi neytenda. Í umræðu um sölu áfengis vegast á frelsi neytenda og lýðheilsusjónarmið. Það þarf sterk rök til að setja hömlur á frelsi fólks til að velja sjálf

og þessi breyting eykur frelsi en hefur ekki áhrif á aðgengi að áfengi. Á undanförunum árum hafa víða um land sprottið upp skemmtileg litil brugghús sem brugga handverksbjór með tilheyrandi metnaði til að búa til gæðavöru. Auk þeirrar fjölbreytni sem slíkt skapar fyrir neytendur, þá hafa slík brugghús orðið vinsæll áfangastaður ferðamanna. Að óbreyttum lögum er á hinn bóginn ekki hægt að kaupa framleiðsluvöruna beint frá framleiðanda, nema neyta hennar á staðnum. Þetta er einnig atriði sem til skoðunar er að heimila, með þeim breytingum á áfengislöggjöfinni sem nú er unnið að í dómsmálaráðuneytinu.

Sem utanríkisráðherra hefur Guðlaugur Þór Þórðarson lagt ríka áherslu á að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör og sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Þar sem Ísland er lítið opið hagkerfi, skiptir aðgengi að erlendum mörkuðum okkur höfuðmáli, og góð samvinna atvinnulífs og stjórnvalda er lykilatriði í þessu samhengi.

Breytingar á lögum á Íslandsstofu eru mikilvægur liður í þessu áherslumáli, en breytingarnar voru unnar í náinni samvinnu með atvinnulífum og fleiri aðilum. Að baki þeim liggur hugmyndin um vettvang þar sem atvinnulíf og stjórnvöld geta stillt saman strengi í sókn á erlenda markaði og gengið í takt í átt að sameiginlegu markmiði um aukna verðmætasköpun.

Sá sögulegi árangur náðist á liðnu ári að efnahagssamráð var hafið við bæði Bandaríkin og Japan og er það góður vitnisburður um áherslumál utanríkisráðherra, en Bandaríkin eru mikilvægasta viðskiptaland Íslands. Þá hefur einnig náðst mikilvægur áfangi í bættri framkvæmd fríverslunarsamnings við Kína sem greiðir fyrir útflutningi á íslenskum framleiðsluafurðum þangað. Auk þess hefur sá áfangi náðst á kjörtímabilinu að landa fríverslunarsamningum EFTA við Indónesíu og Mercosur-ríkin sem eykur markaðsaðgang um ríflega 500 milljón manns.

Breytingar á skipulagi lögreglu – lögregluráð tekur til starfa

Málefni lögreglunnar hafa verið í kastljósi fjölmiðla síðustu misserin og ekkert leyndarmál að óeining hefur ríkt milli þeirra sem fara með forystu í þeim málaflokki. Við slíkt verður ekki unað og teknar hafa verið stefnumarkandi ákvarðanir til að breyta fyrirkomulagi lögreglu með það að markmiði að efla samráð æstu stjórnenda og nýta sem best þá fjármuni sem renna til málaflokksins. Markmiðið er að ná sem bestum árangri í að halda upp lögum og reglu.

Ríkislögreglustjóri lét af embætti um síðustu áramót og hefur starfið verið auglýst laust til umsóknar. Í millitíðinni hefur verið settur ríkislögreglustjóri, en hann ásamt starfsmönnum mun stýra greiningarvinnu til að nýr ríkislögreglustjóri geti hafist handa við að móta stefnu

embættisins til næstu framtíðar. Sérstakt lögregluráð tók til starfa um áramót. Í ráðinu eiga sæti lögreglustjórar allra lögreglumdæma landsins ásamt ríkislögreglustjóra. Með stofnun lögregluráðs er stefnt að aukinni samvinnu lögregluembættanna og hagkvæmari nýtingu fjármagns og mannafla, allt með það að markmiði að lögreglan starfi í auknum mæli sem ein heild óháð því hvernig yfirstjórn er háttáð. Um er að ræða formlegan samráðsvettvang lögreglustjóra sem m.a. skal tryggja hæfni lögreglu til að takast sameiginlega á við þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir hverju sinni. Stofnun lögregluráðs er eitt skref í átt að markmiðum um öfluga löggæslu sem nýtir eins vel og kostur er bæði mannafla, tæki og fjármuni.

Nauðsynleg aðkoma atvinnulífs að þróunarsamvinnu

Markmið með þátttöku í þróunarsamvinnu er að stuðla að aukinni velsæld og með því auknu öryggi á heimsvísu. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur undirstrikað nauðsyn þess að samstarf atvinnulífs, félagasamtaka og stjórnvalda í þróunarsamvinnu verði aukið til muna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna byggja enda á því að aukin aðkoma atvinnulífs sé forsenda þess að raunverulegur árangur náist við að útrýma fátækt og auka velsæld í þróunarríkjum. Þróunarríkin sækjast eftir erlendum fjárfestingum til að byggja upp atvinnugreinar sem geta drifið sjálfbærar vöxt, skapað störf og aukið velsæld.

Fyrir rúmu ári síðan hleypti Guðlaugur Þór því af stokkunum nýjum samstarfs-sjóði atvinnulífs og íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Mark-

mið sjóðsins er að virkja þekkingu, fjármagn og frumkvæði íslenskra fyrirtækja á þessum vettvangi. Sjóðurinn starfar samkvæmt skýru regluverki, m.a. varðandi meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu. Fyrstu íslensku fyrirtækin sem vinna með stjórnvöldum gegnum sjóðinn eru Marell og Thoregs sem hlutu styrk á síðasta ári. Bæði verkefni byggja á íslensku hugviti og verkþekkingu og koma til með að stuðla að aukinni þekkingu á tækni og vinnslu í matvælaíðnaði í viðkomandi landi.

Sjóðurinn er ákjósanlegur vettvangur fyrir íslensk fyrirtæki af öllum stærðargráðum sem starfa í ólíkum greinum. Utanríkisráðuneytið mun áfram auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og eru fyrirtæki hvött til að nýta sér sjóðinn sem leið til nýsköpunar og til að skapa gagnkvæman ávinning.

Útgefandi: Sjálfstæðisflokkurinn, Háaleitisbaut 1, 105 Reykjavík.

Ritstjórn: Jón Gunnarsson (ábm.), Ólafur E. Jóhannsson ritstj.

Umbrot: Eyjólfur Jónsson.

Upplag: 120 þúsund eintök.

Dreifing: Blaðinu er dreift með Morgunblaðinu í aldreiðingum á höfuðborgarsvæðinu og með Íslandspósti utan þess.

Prentun: Landsprent ehf.

Ritstjórn þakkar þeim fjölmörgu sem komu að vinnslu efnis þessa blads, þ.á.m. Berki Gunnarssyni sem tók viðtölin á bls. 5, 10 og 18.

Ljósmyndir: Haraldur Guðjónsson Thors, Kristinn Ingvarsson og fleiri.

Ólögmatu ástandi aflétt

Endi bundinn á ótakmarkaða skaðabótaskyldu íslenska ríkisins

Um áramót tóku gildi lög sem Alþingi samþykkti í júní sl. auk reglugerðar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra undirritaði stuttu fyrir jól um afnám hinnar svokölluðu frystiskyldu á m.a. kjöti sem flutt er til Íslands frá Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu var brugðist við skýrum dómum EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar Íslands um að leyfisveitingakerfið og þar með frystiskyldan séu brot á skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Undanfarna 18 mánuði hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagt á það áherslu að brugðist sé við niðurstöðu dómstóla. Vinnan hefur ekki einungis verið einfalt lögfræðilegt viðfangsefni heldur hefur stærstur hluti hennar falist í

að að móta umfangsmikla og nauðsynlega aðgerðaáætlun til að tryggja öflugar varnir og öryggi matvæla og búfjárstofna. Jafnframt hafa verið undirbúnar aðgerðir til að styrkja samkeppnisstöðu innlendirar matvælaframleiðslu. Samhliða samþykkt frumvarpsins var aðgerðaáætlunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum sem sérstök þingsályktun til að undirstrika mikilvægi þeirra aðgerða sem þar er að finna.

Afraksturinn er samstillt átak þar sem ólögmat leyfiskerfi er afnumið á sama tíma og öryggi matvæla og vernd búfjárstofna er treyst enn frekar.

Þannig verður hinu ólögmatu ástandi, sem nú hefur varað í um átta ár, aflétt og endi bundinn á ótakmarkaða skaðabótaskyldu íslenska ríkisins.

Fjármögnunarmhverfið styðji nýsköpun

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir nýsköpunarráðherra hefur kynnt fyrstu aðgerðirnar til að fylgja eftir nýsköpunarstefnunni fyrir Ísland sem hún lét vinna. Ein af aðgerðunum er stofnun Kríu, hvata-sjóðs fyrir frumkvöðladrifna nýsköpun.

Þórdís Kolbrún segir að sjóðnum sé ætlað að ýta undir svokallaðar „vísifjárfestingar“, sem á ensku nefnast „venture capital“ eða „VC“. Sjóðurinn mun ekki kaupa beint í fyrirtækjum heldur fjárfesta í íslenskum vísifjárfestingasjóðum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

„Vísifjárfestingar eru sérhæfð tegund fjárfestingar, sem felur ekki aðeins í sér fjárhagslega þátttöku heldur ýmis konar þekkingu, tengsl og stuðning við þroska fyrirtækja sem eru komin af fyrstu stigum og eiga möguleika á hröðum alþjóðlegum vexti“, segir Þórdís Kolbrún. Hún segir að vísifjárfestingar séu sú tegund fjárfestingar sem stutt hafi við flest þau nýsköpunarfyrirtækja um heim allan sem hraðast hafa vaxið á undanföllum áratugum. Þar á meðal eru nánast öll þekktustu tæknifyrirtæki heims, eins og Google, Facebook, Apple, Tesla og ótal önnur. Dæmi um íslensk fyrirtæki sem vísifjárfestar standa á bak við eru Meniga, CCP, Valka, Oculis, Kara Connect, Plain Vanilla og Sidekick Health.


„Hlutverk Kríu verður að örva tilurð nýrra vísisjóða á vegum einkafjárfesta með því að

hafa umtalsvert fé til umráða fyrir þátttöku í þeim – á þriðja milljarð á þremur árum samkvæmt fjármálaáætlun“, segir Þórdís Kolbrún.

Sjóðurinn mun því taka þátt í sjóðum einkafjárfesta að uppfylltum tilteknum skilyrðum, meðal annars að sjóðirnir geti sýnt fram á alþjóðlega samkeppnishæfa þekkingu, einkum með beinni þátttöku erlendra fjárfesta. „Stærsta markmiðið með þessari aðgerð ríkisins er að stuðla að því að hér á Íslandi þroskast sú grein fjárfestinga sem hentar best fyrir þær tegundir atvinnustarfssemi sem líklegast eru til að ráða mestu um lífsskjör og velsæld á komandi áratugum. Þegar verðmætasköpunin byggist sífellt meira á hugviti, sköpun og þekkingu þarf fjármálaumhverfið að þroskast til þess að fylgja eftir slíkum rekstri“, bætir hún við.

„Það hefur margsannað sig um allan heim að þegar þjóðir vilja fara í markvissa uppbyggingu á grundvelli nýsköpunar þarf að verða til fjármögnunarmhverfi sem hentar henni. Þörf frumkvöðladrífna nýsköpunarfyrirtækja fyrir vísifjármagn fer vaxandi“, segir Þórdís Kolbrún. „Það er okkar trú að slík fyrirtæki muni leika stórt hlutverk í þeirri auknu verðmætasköpun, byggðri á hugviti og nýsköpun, sem er Íslandi nauðsynleg til að tryggja áfram góð lífsskjör og velsæld.“

Innleiðingarhalli EES/EFTA-ríkjana 2010-2019



Góður samningur orðinn enn betri

Í fyrra var aldarfjórðungur liðinn frá því að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið tók gildi. Í tilefni þessara tímamóta skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, starfshóp í fyrra undir forystu Björns Bjarnasonar til að gera skýrslu um aðild Íslands að EES-samningnum. Skýrslan, sem kom út í október síðastliðnum, sýnir glögg ávinninginn af samningnum fyrir okkur Íslendinga. Samningurinn hefur ráðið úrslitum um hina miklu lífsskjarasókn sem hér hefur orðið undanfarin 25 ár.

Einhverra hluta vegna fer ekki alltaf mikið fyrir þessum kostum EES-samningsins í opinberri umræðu. Til skamms tíma fóru ESB-sinnar mikinn og fundu samningnum allt til foráttu. Því var gjarnan haldið fram að við tækjum upp hráa nánast alla lög-gjöf ESB. Hið rétta er að hlutfall ESB-gerða sem er tekið upp í EES-samninginn nemur tæpum 14 prósentum. Á undanföllum misserum hafa raddir hinna sem tala gegn alþjóðasamvinnu orðið æ háværari. Skýrasta dæmið er atlagan sem gerð var að EES-samningnum í fyrra í tengslum við þriðja orkupakkann. Með því að beita rökum og öflugri málafylgju var þeirri atlögu hrundið. Enginn heldur því fram að EES-samningurinn sé gallalaus og ef framkvæmdin á honum er ekki góð er betur

máli því með bættri framkvæmd EES-samningsins skapar Ísland sér betri stöðu til að hafa áhrif á mótun lagasetningar ESB snemma í ferlinu og jafnvel til að fá undanþágu eða sértæka aðlögun á gerð þar sem miklir hagsmunir eru í húfi. Að sama skapi hefur ráðhennann lagt áherslu á að þau ráðuneyti sem ekki hafa fulltrúa í sendiráðinu í Brussel bæti úr því en eftir hrun snarfækkaði fulltrúum ráðuneytanna þar. Það var afleit þróun því þar með dró mikið

úr möguleikum á að hafa áhrif á laga-setninguna og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri. Alger viðsnúningur hefur orðið í þessum efnunum og frá og með mars næstkomandi eiga öll nema eitt ráðuneyti fulltrúa í Brussel. Aðildin að EES er þungamiðja í stefnu Sjálfstæðisflokksins og þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Án hans á Ísland fáa góða kosti þegar kemur að þessum kjölfestumarkaði okkar í Evrópu.

40.000

Um 40 þúsund Íslendingar hafa notið góðs af evrópsku samstarfsáætluninni í menntamálum, Erasmus+

150.000

150 þúsund evrópsk sjúkratryggingakort hafa verið gefin út til Íslendinga á tímabilinu 2018-2019

9

Frá mars nk. munu níu ráðuneyti hafa fulltrúa sína við hagsmunagæslu í sendiráði Íslands í Brussel

heima setið en af stað farið. Þess vegna gerði utanríkisráðherra öflugri hagsmunagæslu og bættu framkvæmd samningsins að sérstöku forgangsmáli þegar hann tók við embætti fyrir þremur árum. Ekki veitti af. Vinstri stjórnin sem komst til valda eftir hrun gerði ESB-aðild að forgangsmáli og lét á meðan reka á reiðanum við hagsmunagæsluna. Í þessu samhengi vekur ráðherra athygli á tvennu. Hann hefur beitt sér fyrir því að draga úr innleiðingarhalla á EES-gerðum og hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Hallinn hefur minnkað úr 3,2 prósentum 2013 í 0,5 prósent í fyrra. Þetta skiptir miklu

RAGNAR & ÁSGEIR EHF

Stapar verktakar

Almenn jarðvinna og snjómokstur

Á þriðja hundrað manns í plockfiskveislu í Valhöll

Fullt var út úr dyrum í Valhöll laugardaginn 18. janúar sl. þegar nokkur hverfafélög Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík buðu til veglegrar plockfiskveislu, þar sem alþingismenn og borgarfulltrúar flokksins gengu um beina og spjölluðu við gesti.

Það voru hverfafélögin í Grafarvogi, Grafarholti- og Úlfarsárdal og Árbæ; Selási, Ártúns- og Norðlingaholti sem buðu til veislunnar sem þótti takast vonum fram, en áætlað er að á þriðja hundrað manns á öllum aldri hafi lagt leið sína í Valhöll og gætt sér á afar gómsætum plockfiski sem borinn var fram með rúgbrauði.

Veislan hófst kl. 11.30 og þá þegar voru margir mættir og fjölgaði ört í hópnum eftir því sem á leið og var hver stóll setinn lengst af. Eðlilega voru stjórnmalin talsvert til umræðu og skiptist fólk á skoðunum um málefni líðandi stundar.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður var í forystuhlutverki í plockfiskveislunni og stjórnaði sínu liði af röggsemi. „Ég er mjög

ánægður með hvernig til tókst,“ sagði hann, „og mér finnst að þetta hafi tekist framar vonum. Við höfum fundið fyrir því að fólk kallar eftir léttu og skemmtilegu félagsstarfi og þetta var svar okkar við því,“ sagði Ásmundur.

Ásmundur segir að áformað sé að halda plockfiskveislu í Valhöll mánaðarlega fram á vor. „Það voru voru nokkur hverfafélög sem sáu um þetta og lögðu þar



Eyþór Arnalds oddviti flokksins í borgarstjórn Reykjavíkur var einn þeirra sem gekk um beina í plockfiskveislunni.



Fjöldmenni kom plockkarann í Valhöll. Næsta plockfiskveisla verður 22. febrúar nk.

margir hönd á plóg og allir stóðu sig með þryði. Það er góð reynsla af því í Sjálfstæðisflokknum að halda fundi og samkomur á laugardögum og er jafnan vel mætt á þá viðburði. Þar hittist fólk og

spjallar og skiptist á skoðunum og skapar jákvæðan liðsanda. Valhöll er líka þryðilegur staður fyrir svona viðburði, enda er þar allt til alls,“ sagði Ásmundur Friðriksson alþingismaður.

Fjölbreytt starf um land allt

Ráð og félög innan Sjálfstæðisflokksins standa fyrir margvíslegum viðburðum með reglulegum hætti um land allt. Þannig eru reglubundnir laugardagsfundir t.d. í Hveragerði, í Reykjanesbæ, á Akureyri, í Kópavogi, í Rangárvallasýslu, í Árborg, á Akranesi, í Borgarnesi og víðar.

Félög halda þorablót, líkt og í Mosfellsbæ 25. janúar og í Reykjavík 8. febrúar nk. Þá standa fjölmörg félög fyrir páskaeggjaleit fyrir páska sem hefur verið mjög vinsælt mörg undanfarin ár. Hverfafélögin í Reykjavík stóðu fyrir plockfiskveislu í Valhöll 18. janúar sl. og verður það gert mánaðarlega fram á vor. Þar er kjörinn vettvangur fyrir fólk að koma á laugardegi, hitta skemmtilegt fólk og borða góðan mat. Þá eru nokkur félög að fara í

fyrirtækjaheimsóknir innan síns sveitarfélagsins, t.d. í Mosfellsbæ.

Framundan eru aðalfundir kjördæmisráðanna, en þeir eru ýmist haldnir sem dagsfundir eða tveggja daga fundir. Í Norðausturkjördæmi verður fundurinn í Fjallabyggð og í Suðurkjördæmi verður hann í Reykjanesbæ. Staðsetning liggur ekki fyrir í öðrum kjördæmum. Þá er vert að nefna að Samtök eldri sjálfstæðismanna, SES, standa fyrir vikulegum fundum í hádeginu á miðvikudögum í Valhöll. Ljóst er að í vetur er framundan fjölbreytt starf flokksins um allt land og nóg af reglubundnum viðburðum fyrir fólk til að mæta og taka þátt í, bæði fyrir flokksmenn og eins aðra sem áhuga hafa á að kynna sér starf flokksins.

Ísland ljóstengt hefur gjörbylt forsendu búsetu í sveitum

Fátt eflir byggðir landsins meira en öflug fjarskipti. Öryggi þeirra og afköst eru forsenda þess að þau teljist góð. Ísland ljóstengt er verkefni Fjarskiptasjóðs, sem var sett af stað 2017. Árin áður hafði fengist góð reynsla að staðbundnum verkefnum. Bæði höfðu einstök sveitafélög lagt slík kerfi og einnig Fjarskiptasjóður sem vann með samstarfsaðilum að lagningu ljósleiðara, til að bæta öryggi fjarskipta.

Það er Haraldur Benediktsson alþingismaður Sjálfstæðisflokksins sem leitt hefur þetta verkefni frá upphafi en átakið hefur skilað Íslandi í fremstu röð þjóða heims í fjarskiptum. Það er í raun þrekvirki að fámennri þjóð í stóru landi hafi tekist að byggja upp grunnkerfi framtíðar fjarskipta.

Í upphafi var reiknað með að

verkefnið, sem fyrst og fremst var mótað til að aðstoða við uppbyggingu á svæðum sem bjuggu við markaðsbrest, yrði til þess að fá traustar og afkastamiklar tengingar við um 4000 heimili og fyrirtæki í dreifbýli. Í fjárlögum 2017 var fyrsta framlag beinlínis til Ísland ljóstengt sem hefur árlega verið um 500 milljónir. Áætlanir gera ráð fyrir að verkefninu ljúki 2022 og niðurstaðan verði um 6000 tengingar – fyrir sama framlag úr ríkissjóði og fyrri áætlun gerði ráð fyrir.

Samstarf sveitafélaga og íbúa um þetta átak er drifkraftur átaksins. Ekki er vafi að átakið hefur gjörbylt forsendum búsetu í sveitum. Mörg dæmi eru um uppbyggingu og endurnýjun búsetu á jörðum, þar sem bætt fjarskipti, ljósleiðaratenging, eru forsenda búskapar og búsetu.

KÓPAL

UMHVERFISVÆN INNIMÁLNING



ÚTSÖLUSTADIR MÁLNINGAR

- BYKO, Kópavogi
- BYKO, Granda
- BAUHAUS
- Garðar Jónsson málarameistari, Akranesi
- Smiðjan Fönix, Hellissandi
- Málningarbúðin, Ísafirði
- Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga
- Lífland, Blönduósi
- Verslunin Eyri, Sauðárkrúki
- BYKO, Akureyri
- Ístell, Dlafstíri
- Launati, Reyðarfirði
- Verslunin PAN, Neskaupstað
- BYKO, Selfossi
- Miðstöðin, Vestmannaeyjum
- Rúnar málarar, Grindavík
- BYKO, Keflavík



málning



Hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins 2020 hefst 6. febrúar

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins heldur fimmtudaginn 6. febrúar í sína þriðju hringferð um landið á tveimur árum. Hringferðin hefst í Reykjavík með fundi kl. 18 á Kaffi Reykjavík þar sem Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins ávarpar gesti ásamt odd-

vitum þingflokksins í Reykjavík. Að því loknu gefst fólki tækifæri til að eiga gott spjall í afslöppuðu andrúmslofti við alla þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Í hringferðinni verður lögð áhersla á að hitta sem flesta landsmenn á heimavelli og verður fjöldi

fyrirtækja heimsóttur þar sem rætt verður við starfsfólk um hvaðeina sem því liggur á hjarta í atvinnumálum og stjórnámum. Mikil tilhlökkun er hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að hitta fólk í heimabyggð þess. Haldnir verða allmargir opnir fundir þar sem

fólki gefst kostur á að ræða beint við þingmenn Sjálfstæðisflokksins og koma á framfæri sínum sjónarmiðum og áherslum. Hringferðin sem farin var á síðasta ári þótti takast afar vel og mátu þingmenn flokksins það mikils að komast í beint samband við almenning til þess að hlusta á áherslur hans í stjórnámum.

Á næstu vikum mun þingflokkurinn koma við í tugum sveitarfélaga og halda opna fundi í öllum kjördæmum. Í hringferðinni að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á heimsóknir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru burðarásin í íslensku atvinnulífi og hryggjarstykki samfélagsins víða um land. Þingmenn hlakkar til að eiga hreinskiptið samtal við starfsfólk þeirra um rekstrarumhverfið og það sem því liggur á hjarta í atvinnumálum og stjórnámum almennt. Þá er gert ráð fyrir allmörgum opnum fundum þar sem fólki gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og áherslum milliliðalaust á framfæri við þingmenn. Í síðustu hringferð bárust margar gagnlegar ábendingar og upplýsingar sem nýttust þingmönnum vel í störfum þeirra á vettvangi Alþingis.

Að venju verður hægt að fylgjast með dagskrá ferðarinnar

á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, xd.is, ásamt því sem myndum og fréttum úr ferðinni verður deilt á fréttaveitu síðunnar sem og á Facebook, Instagram og öðrum samfélagsmiðlum.

Heimsóttu yfir fimmtíu staði á landinu í fyrra

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fór í hringferð um landið í kjördæmaviku Alþingis í febrúar á síðasta ári. Fyrsti fundurinn var haldinn á Laugarbakka 11. febrúar og sá síðasti var haldinn 6. apríl í Vestmannaeyjum, en þá hafði þingflokkurinn heimsótt yfir fimmtíu staði um land allt.

Á fundunum gafst fólki einstakt tækifæri til að hitta alla þingmenn flokksins á einum fundi og ræða það sem því liggur á hjarta. Þingflokkurinn heimsótti vinnustaði eða hélt fundi þar sem notast var við óhefðbundið fundarform, þar sem þingmenn skiptu sér niður á borð ásamt fundarmönnum og fram fór milliliðalaust samtal um það sem skiptir máli á hverjum stað.

Þingmönnum var hvarvetna tekið með kostum og kynjum og voru fundirnir jafnan vel sóttir, en alls er talið að hátt í 4000 manns hafi nýtt sér tækifærið til að koma boðskap sínum á framfæri við þingmenn flokksins milliliðalaust.





Sjálfstæðisflokkurinn fagnaði 90 ára afmæli sínu á síðasta ári, en flokkurinn var stofnaður með sameiningu Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins 25. maí árið 1929. Allar götur síðan hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið stærsta umbótaaflið í íslensku samfélagi.

Sérstök afmælisnefnd undirbjó afmælisdagskrá sem hófst á stofndegri flokksins með því að sjálfstæðisfólk fagnaði tímamótunum um allt land með samkomum, en stærst þeirra var fjölskylduhátíð flokksins við Valhöll þangað sem mættu um 600 manns.

Þann 18. ágúst var efnt til göngu víðsvegar um landið, en alls var gengið á tuttugu stöðum. Göngurnar voru skipulagðar af heimamönnum á hverjum stað. Samanlagður fjöldi skrefa sem genginn var voru rúmlega tvær milljónir eða sem samsvarar því að gengið hafi verið hringinn í kringum Ísland.

Þann 14. september stóð flokkurinn síðan fyrir flokksráðs- og formannafundi sem og Sjallaballi aldarinnar á Nordica hóteli. Frábær mæting var á fundinn sem og á ballið þar sem Stjórnin lék fyrir dansi ásamt Skuggastjórninni sem í voru Bjarni Arason, Stefanía Svavars og Eypór Arnalds. Bergur Ebbskemmti fólki fyrir dansleik af sinni alkunnu snilld. Veislustjóri var Logi Bergmann Eiðsson.



Náttúran er allra -
varðveitum hana saman



2019

UMHVERFISVERÐLAUN
ATVINNULÍFSINS

Brim er stoltur handhafi Umhverfisverðlauna atvinnulífsins 2019.

Með skýrri sýn, virðingu fyrir umhverfi okkar og ómetanlegu starfsfólki, hefur okkur tekist að verða leiðandi í umhverfismálum á Íslandi. Verðlaunin eru okkur hvatning til að ganga enn lengra í sátt og samlyndi við náttúruna - takk fyrir okkur, gleðilegt nýtt ár!





Stjórnin og Bjarni Arason.

Sjallaball aldarinnar



Eyþór Arnalds hélt uppi stuðinu.



Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Arnardóttir.



Elvar Jónsson og Karítas Ólafsdóttir.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Halla Sigrún Mathiesen.



Bryndís Haraldsdóttir og Örnólfur Örnólfsson.

Trúir á einkaframtakið og einstaklingsfrelsið

Í bakvarðarsveit Sjálfstæðisflokksins í áratugi

Ólafur Sveinsson er hagverkfræðingur sem fæddist á Akureyri en fluttist til Reykjavíkur nokkurra vikna gamall. Alla sína ævi hefur hann stutt einkaframtakið og einstaklingsfrelsið og aldrei misst trúna á mikilvægi þess fyrir samfélagið. Hann hefur alla tíð lagt sjálfstæðisstefnunni lið, aðallega á Vesturlandi, en hann er 67 ára gamall.

Hann starfaði sem iðnráðgjafi fyrir Vesturland, var kaupfélagsstjóri frá 1984–1989 og vann síðan sem sjálfstæður ráðgjafi í Reykjavík og á Vesturlandi. Hann hefur verið í ýmsum fyrirtækjarekstri, meðal annars rak hann Tak-Malbik, setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja og situr nú m.a.í stjórn Steypustöðvarinnar.

Scell Ólafur, við erum að gefa út blað þar sem við ræðum við ýmsa menn sem hafa helgað sig baráttu fyrir sjálfstæðisstefnunni yfir sína ævi, má ég spjalla smá við þig um það?

Ha? Nei. Af hverju mig?

Við viljum heyra í fólki sem hefur farnað sér í starfi fyrir sjálfstæðisstefnunna, bara heyra hvað það hefur að segja, má ég það?

Það hljóta margir aðrir að hafa unnið mikilvægara starf fyrir þá stefnu en ég.

Eigum við að prufa smá spjall?

Já, en ekki langt.

Afhverju fórstu í hagverkfræði?

Ég gat ekki tekið ákvörðun um hvort ég ætti að læra rekstrarhagfræði eða verkfræði, bæði mjög áhugaverð fög, leysti það með því að fara í hagverkfræði sem er á vissan hátt brú á milli þessara faga.

Hvar stúderaðir þú?

Í Vestur-Berlín.

Í Berlín? Ég tók einmitt heimspeki-prófið mitt þar, lærðir þú í Humboldt Universitát?

Nei, ég var í námi í Technische Universität, fór þangað í nám árið 1974 og útskrifaðist með Masters-próf 1981 og fór síðan aftur heim eftir það.

Það hlýtur að hafa verið magnað tækifæri að komast í háskóla í Berlín á þeim árum sem Þjóðverjar voru fremstir þjóða í verkfræði og tæknimenntun?

Já, tækniháskólar voru mjög víða í Þýskalandi og þeir voru mjög sterkir. Þjóðverjar lögðu mikla áherslu á tæknimenntun. Slík menntun er mjög mikilvæg fyrir framþróun landa og samfélaga, en það er ekki aðeins tæknimenntun sem er mikil-



Ólafur Sveinsson.

væg heldur einnig menntun í húmanískum fögum.

Nú hefur þú lært í Vestur-Berlín á meðan hún var hálfgerð eyja frjálsræðis, umlukin kommúnistum. Hvernig var að búa þarna á

ystu mörkum frelsis í miðju Kalda stríðinu?

Það var æðislegt. Þessi skipting borgarinnar truflaði mann dags daglega ekki. Maður varð ekkert var við þennan múr. En vissulega skrátnar aðstæður sem væri

erfitt að segja ungu fólki frá í dag, það myndi varla trúna manni. En Vestur-Berlín var lifandi borg og Vestur-Þýskaland gerði allt fyrir hana. Það var rekin ákveðin byggðastefna gagnvart henni, það var t.d. svokölluð Berlínarviðbót við laun fólks, greidd af Sambansríkinu, fjárfestingar fyrir-tækja voru einnig niðurgreiddar, til að örva fjárfestingar. Menn sem fóru til Vestur-Berlínar í nám fengu ýmis konar ívilnanir, til dæmis þurftu þeir ekki að sinna herþjónustu. Aldurs- og kynja-samsetning íbúa borgarinnar var mjög sérstök, t.d. var hlutfall eldri kvenna mjög hátt, sem gerði það t.d. að verkum að það var lítið að marka skoðanakannanir í þeirri borg, hún var á engan hátt samnefnari fyrir Þýskaland.

En að starfi þínu í Sjálfstæðisfloknum, hvert hefur þitt framlag verið þar?

Það hefur ekki verið merki-legt, ég hef bara verið í bakvarðarsveitinni.

En þú hefur alltaf verið í henni?

Já.

Afhverju varðst þú sjálfstæðismaður?

Ég aðhylltist stefnu Sjálfstæðisflokksins ungur að árum af því að ég trúði á einkaframtakið og einstaklingsfrelsið og ég trúí enn á það. Því hef ég kynnst best í störfum mínum sem hafa í áratugi tengst aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki í atvinnurekstri og nýsköpun og þannig fundið þann kraft sem er í öflugum einstaklingum og þær framfarir sem þeir geta leyst úr læðingi.

Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin með Olís

VIÐ GREIÐUM HELMING Á MÓTI ÞÉR

Þorsteinn A. Sía



Skráðu þig á olis.is



+



=



Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti

Olís greiðir 2 krónur á móti

4 krónur af hverjum lítra fara til Landgræðslunnar



Olís – í samstarfi við Landgræðsluna

Landgræðslan vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði kolefnisbindingar – uppgræðslu lands, skógrækt og endurheimt vollendis.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

KLESST'ANN

Ekki bílinn samt – en ef svo óheppilega fer, þá sjá Toyota tryggingar til þess að þú fáið aðeins viðurkennda varahluti frá Toyota. Þú færð afnot af bílaleigubíl allan viðgerðartímann og að lokum skilum við þér bílnum tandurhreinum að utan.* Kynntu þér Toyota tryggingar nánar á toyotatryggingar.is eða tryggðu bílinn á staðnum um leið og þú kaupir hann.



TOYOTA TRYGGINGAR
VÁTRYGGT AF TM

*Á einungis við ef viðgerð fer fram í gegnum viðurkenndan þjónustuaðila Toyota á Íslandi og ef um kaskótjón er að ræða.

 **KRAFTVÉLAR**

www.kraftvelar.is

 **TOYOTA**
LYFTARAR

BT

IVECO

